



Reykjavík, 29. desember 2021
42. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2101002

Miðvikudaginn 29. desember var haldinn 42. fundur framkvæmdaráðs AHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 15:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundinn mættu þeir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarna hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. COVID-19 staðan

Þórólfur og Víðir fóru yfir stöðuna á COVID-19 og mögulega þróun þess næstu daga og vikur. Vitnað til þróunar í nágranna ríkjum okkar eins og t.d. Danmörku en þar er mikill vöxtur í faraldrinum og staðan ansi erfð. Talið að Ísland sé um tvær til þrjár vikur á eftir norðurlöndunum. Mikilvægt að tryggja áætlanir um órofinn rekstur þar sem það á við, en að svo stöddu verður dagafjöldi í sóttkví og einangrun ekki stytur.

Afgreiðsla: Neyðarstjórnir sveitarfélagana skulu yfirfara áætlanir um órofinn rekstur.

2. Bólusetningar barna

Umræða um bólusetningar barna og framkvæmdina á þeim, notkun á skólabyggingum sveitarfélagana og fleira. Fræðsla um bólusetningar barna í undirbúningi. Fundur með fulltrúum skólamála sveitarfélaganna og fulltrúum sóttvarnalækna og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er fyrirhugaður. Þórólfur sóttvarnalæknir er í sambandi í heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytisins vegna þessa og mun fylgja bókuninni hér fyrir neðan eftir.

Afgreiðsla: Mikilvægt að fá formlega beiðni þar til bærs aðila um notkun á skólabyggingum sveitarfélagana og ákvörðun um að skólalald falli niður þá daga sem bólusett er í viðkomandi skóla.

3. Skólahald

Sóttvarnalæknir lagði til í minnisblaði að skólastarfi yrði frestað eftir áramót. Það varð ekki niðurstaðan og því vísað í skólasamfélagið. Engar frekari ákvarðanir hafa verið teknar. Gera verður ráð fyrir starfsdegi, fyrsta áætlaðan skóladag til að innleiða nýjar reglugerð um takmarkanir.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Færslur starfsfólks á milli starfa.

Ákvæði laga sem heimilar færslur á starfsfólki á milli starfa innan sveitarfélagana, til að tryggja órofinn rekstur á neyðarstigi, fellur út um áramótin. Áfram hægt að nýta ákvæði almannavarna um að fólk aðstoði á neyðarstund. Almenn gert ráð fyrir að starfsfólk sé reiðubúið að flytja sig til ef neyð kallar á það.

Afgreiðsla: Sveitarfélögin virki bakvarðarhópa innan síns sveitarfélags svo röskun á starfsemi sem er flokkuð sem órofin samkvæmt þeirra áætlunum verði haldið í lágmarki. Áhersla lögð á samræmt verklag milli sveitarfélaga.

5. Önnur mál FAHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 16:00.

Næsti fundur er áætlaður 5. janúar 2022 kl. 15:00.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Engin fylgiskjöl.

Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Haraldur Sverrisson

Ásgerður Halldórsdóttir

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson